



2.2.4 Yfirlýsing um stjórnarhætti

Útgáfa: 2.0
Gildir frá: 21.08.2017
Ábyrgðam:
stjórnarformaður

YFIRLÝSING UM STJÓRNARHÆTTI - ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON

1. Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða ber að fylgja samkvæmt lögum.

Stjórn ÖES starfar eftir starfsreglum sem byggðar eru á 5. útgáfu um stjórnarhætti fyrirtækja, eftir leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq OMX á Íslandi. Starfsreglurnar eru til að tryggja skilvirkni í starfsemi stjórnarinnar og rétta meðferð mála innan félagsins.

2. Hvort félagið víki frá hluta reglnanna eða beiti engum ákvæðum þeirra. Greina skal frá ástæðum fráviks og þeim úrræðum sem gripið var til í stað þeirra.

Fjórir af fimm stjórnarmönnum eru fulltrúar hluthafa. Kynningar á stjórnarmönnum má finna í lið 9 hér að neðan.

Formaður stjórnar hefur, samkvæmt yfirlýsingu frá stjórn, tekið að sér ýmis verkefni fyrir félagið í samræmi við starfslýsingu hans. Til að sinna þessum verkefnum hefur formaður stjórnar aðsetur á skrifstofu félagsins. Þau verkefni sem formaður tekur að sér vinnur hann í nánú samstarfi við forstjóra og aðra framkvæmdastjóra hjá félaginu.

3. Lýsing á þáttum innra eftirlits og áhættustýringu félagsins í tengslum við samningu reikningsskila.

Endurskoðendur félagsins er kosnir til eins árs í senn á aðalfundi. Endurskoðendur félagsins og tengdir aðilar mega ekki eiga hlut í félaginu. Endurskoðendur skulu endurskoða bókhald félagsins á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Endurskoðendur félagsins gera ýmsar kannanir á bókum félagsins í tengslum við ársuppgjör þess. Skulu þeir ávallt hafa fullan aðgang að gögnum félagsins og greina frá frávikum í bókum þess í endurskoðunarskýrslu sem lögð er fyrir stjórn/endurskoðunarnefnd félagsins áður en ritað er undir ársreikninginn.

Núverandi endurskoðendur félagsins eru PwC og er aðalendurskoðandi félagsins frá þeim Kristinn Freyr Kristinsson, fæddur 1973 og löggiltur endurskoðandi en hann var kosinn endurskoðandi félagsins á aðalfundi þess árið 2017.

Árlega gerir hvert svið félagsins áætlun fyrir rekstur næsta árs. Rekstur félagsins í heild og hvers sviðs er gerður upp mánaðarlega, en það gerir stjórn félagsins kleift að bera árangur saman við áætlanir, fylgjast með breytingum í rekstri og grípa til aðgerða ef um verulega neikvæðar breytingar er að ræða. Sama gildir um efnahags- og sjóðstreymisáætlanir fyrir félagið í heild.

4. Gildi félagsins, siðareglur og stefnur

Gildi félagsins

Gildi félagsins eru jákvæðni, áreiðanleiki, hagkvæmni og framsækni.



Gæðastefna

Gæðastjórnunarkerfi Ölgerðarinnar er vottað samkvæmt ISO 9001 og ISO 22000.

Gæði eru einn mikilvægasti hluti starfsemi okkar. Hugsunin um gæði á að vera samofin öllum okkar aðgerðum. Til að viðhalda og efla þá gæðaimynd sem Ölgerðin hefur byggt upp verðum við að tryggja að:

- Vörur okkar séu fyrsta flokks og gæðum ekki fórnað.
- Vörumeðhöndlun sé í samræmi við bestu þekktu aðferðir á hverjum tíma.
- Við leitumst við að tryggja að heildarupplifun viðskiptavina af samskiptum við okkur fari fram úr væntingum þeirra.
- Starfsemi okkar sé í samræmi við lög og reglugerðir og við uppfyllum þær kröfur sem gerðar eru til okkar af viðskiptavinum og hagsmunaaðilum.
- Alltaf sé leitað leiða til umbóta, því við lærum af mistökum og hugsum án takmarkanna.

Starfsmannastefna

Markmið starfsmannastefnu Ölgerðarinnar er að fyrirtækið hafi yfir að ráða hæfu, vel menntuðu og áhugasömu starfsfólki sem sameiginlega skapar metnaðarfullt og jákvætt vinnuumhverfi.

Forstjóri er ábyrgðarmaður stefnunnar en mannauðsstjóri ber ábyrgð á að starfsmenn fyrirtækisins þekki stefnuna og framfylgi henni.

Gott starfsfólk er grunnurinn að vel reknu fyrirtæki. Starfsmenn Ölgerðarinnar eru því ein af helstu auðlindum fyrirtækisins. Með því að leggja áherslu á starfsmannaval, jafnrétti, starfsumhverfi, upplýsingastreymi, frumkvæði, endurgjöf, trúnað, fræðslu og starfsþróun þá sköpum við skemmtilegan

vinnustað sem endurspeglar þau gildi sem við höfum að leiðarljósi. Því fylgjum við eftirfarandi áherslum:

- Fyrirtækið ræður og hefur á að skipa hæfu starfsfólki.
- Við nýráðningar skal leitast við að auka fjölbreytni í menntun og reynslu.
- Stuðla skal að góðum samskiptum meðal starfsfólks, jákvæðni, virðingu og hrósi.
- Stuðla skal að frumkvæði og ábyrgð starfsfólks.
- Stuðla skal að góðum starfsanda.
- Jafnréttis skal gætt í hvívetna.
- Tryggja skal körlum og konum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana og þjálfunar.
- Lögð er áhersla á að starfsfólk sýni hvert öðru og fyrirtækinu trúnað.
- Starfsfólk skal eiga möguleika á að vaxa og dafna í starfi.
- Lögð er áhersla á að starfsmenn hafi kost á að bæta hæfni sína í störfum og þekkingu með því að sækja námskeið eða þjálfun á vegum fyrirtækisins, þegar slíkt þjónar hagsmunum beggja.

Jafnlaunastefna

Markmið stefnunnar er annars vegar að koma í veg fyrir kynbundinn launamun og hins vegar að tryggja að Ölgerðin sé eftirsóttur vinnustaður í huga beggja kynja.

Yfirstjórn Ölgerðarinnar ber ábyrgð á að skilgreina stefnu fyrirtækisins. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á innleiðingu og umbótum, ásamt því að settum viðmiðum sé náð. Mannauðsstjóri tryggir einnig að stjórnendur þekki stefnuna og uppfylli öll skilyrði hennar.

Ölgerðin skuldbindur sig til þess að innleiða viðmið við ákvörðun launa sem tryggja að hver og einn fái greitt fyrir starf út frá verðmæti þess, óháð kyni. Ráðningar, laun og önnur umbun byggja ekki á kynferði, kynþætti, stjórnmalaskoðunum eða öðrum ómálefnalegum þáttum. Þegar nýr starfsmaður er ráðinn þá er við ákvörðun launa tekið mið af þeim kröfum sem starfið gerir með tilliti til ábyrgðar, álags og sérhæfni og verklagsreglum um ákvörðun launa fylgt.

Til að mæla eftirfylgni er gerð launaúttekt á eins árs fresti, þar sem borin eru saman jafn verðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni. Einnig eru framkvæmdar innri úttektir. Árlega er farið yfir gildandi lög og reglugerðir um jafnlaunamál og staðfest á fundi hvort lögum sé fylgt að þessu leyti.

Ölgerðin skuldbindur sig til þess að bregðast við frávikum og vinna þannig að viðhaldi jafnlaunakerfis með stöðugum umbótum og eftirliti. Með því að framfylgja jafnlaunastefnu tryggir Ölgerðin að lögum og kröfum sé framfylgt. Jafnlaunastefnan er líkt og aðrar stefnur Ölgerðarinnar rýnd og yfirfarin árlega.

Samfélagsábyrgð

Að tryggja að starfsmenn og stjórnendur Ölgerðarinnar séu meðvitaðir um þá samfélagsábyrgð sem Ölgerðin ber og að starfsemi fyrirtækisins endurspegli gildi og markmið þess.

Forstjóri Ölgerðarinnar ber ábyrgð á viðhaldi og framkvæmd verklagsreglunnar. Öllum starfsmönnum sem koma að verkefnum á vegum fyrirtækisins ber skylda til að fylgja henni. Ölgerðin leggur sig fram um að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt, samfélag og samstarfsaðila með því að vinna að stöðugum endurbótum á rekstri, endurbótum á ferlum og vinnuvenjum. Samfélagsverkefnum fyrirtækisins er skipt í

fjóra flokka; umhverfi, samfélag, markaðinn og fyrirtækið. Fylgst er með framgangi verkefna með mælingum. Gefa skal út skýrslu um stöðu og árangur árlega.

Jafnréttisstefna

Lögð er áhersla á jafnrétti kynja í þjónustu okkar við viðskiptavini, á vinnustaðnum og í öllum okkar störfum.

Markmið okkar er að konur og karlar hafi jöfn tækifæri hjá Ölgerðinni, að koma í veg fyrir kynbundinn launamun og að Ölgerðin sé eftirsóttur vinnustaður í huga beggja kynja. Við viljum stuðla að jöfnun kynjahlutfalla í starfshópum, að Ölgerðin sé vinnustaður þar sem starfsmenn geta samræmt vinnu og einkalíf og það er okkar ætlun að auglýsingar og markaðsstarf Ölgerðarinnar endurspegli nútímalega sýn um jafna stöðu kvenna og karla í íslensku samfélagi.

Til að ná markmiðum okkar mælum við reglulega árangur í jafnréttismálum. Í því árangursmati felst m.a. markviss rýni á laun út frá kyni, mæling á kynjahlutföllum í starfahópum og mæling á viðhorfi starfsmanna til jafnréttis hjá Ölgerðinni. Þá fá stjórnendur fræðslu um jafnréttismál og lögð er sérstök áhersla á vitund um jafnréttismál hjá markaðs- og söludeildum.

Umhverfisstefna

Í starfsemi Ölgerðarinnar verður leitast við að lágmarka áhrif á umhverfi og stefna sífellt að betri árangri í umhverfisvernd í daglegum rekstri fyrirtækisins.

Forstjóri er ábyrgur fyrir viðhaldi og endurskoðun stefnunnar. Sérhver starfsmaður fyrirtækisins framfylgir umhverfisstefnunni og hefur hana að leiðarljósi í öllu starfi sínu og sýnir gott fordæmi.

Stefna Ölgerðarinnar í umhverfismálum er að vinna stöðugt að endurbótum með það að markmiði að lágmarka áhrif fyrirtækisins á umhverfið. Þetta gerum við með því að:

- Uppfylla lög og reglugerðir um umhverfismál og starfsmenn séu meðvitaðir um mikilvægi verndunar umhverfisins í aðgerðum sínum.
- Flokka allt sorp sem fellur til og lágmarka notkun á rekstrar- og skrifstofuvörum.
- Forðast alla sóun við meðhöndlun og notkun hráefna og umbúða. Endurnota og endurvinnna það sem fellur til í rekstri eins og hægt er og farga öðru á viðeigandi hátt.
- Leitast við að nota efni, rekstrarvörur og umbúðir sem eru umhverfisvænar, aldrei þó á kostnað öryggis framleiðsluvara Ölgerðarinnar.
- Mengunarvarnir fyrirtækisins séu í samræmi við lög og reglugerðir og þess sé gætt að allar breytingar og nýbyggingar taki mið af líklegum framtíðarkröfum á þessu sviði.
- Leita stöðugt leiða til að minnka notkun umbúða, orku og vatns við framleiðslu, sölu og dreifingu vara fyrirtækisins.

Auglýsingastefna vegna barna

Hafa skal sérstaka aðgát þegar um er að ræða auglýsingar eða annað markaðsstarf sem höfða á sérstaklega til barna.

- Ekki skal gera eða birta auglýsingar sem höfða eiga sérstaklega til barna yngri en tólf ára, þar sem börn undir þeim aldri hafa ekki þroska til að meta skilaboð auglýsinga.
- Ekki skal nota það traust sem börn bera til foreldra, kennara og þjálfara til að koma skilaboðum á framfæri í markaðsefni.
- Skilaboðin í markaðsefni skulu ekki grafa undan áhrifavaldi foreldra og ekki skal hvetja börn með beinum hætti til að fá foreldra sína til að kaupa ákveðnar vörur.
- Ekki skal birta auglýsingar sem höfða eiga sérstaklega til barna á þeim tíma sem ætla má að börn séu ein þegar þau skoða/horfa á viðkomandi auglýsingu, t.d. með barnaefni snemma morguns.
- Þess skal gætt að líklegast er að markaðsefnið fari fyrst um hendur foreldra sem geta þá ákveðið hvort þeir afhenda börnum sínum það.
- Ekki skal sýna börn við hættulegar aðstæður í kynningarefni.

5. Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og undirnefnda stjórnar.

Stjórn félagsins skipa 5 aðalmenn og 3 varamenn og voru þeir kjörnir til eins árs á aðalfundi félagsins fyrir starfsárið sem lauk 28. febrúar 2017. Stjórn kaus sér formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Endurskoðunarnefnd er skipuð öllum stjórnarmönnum. Endurskoðunarnefnd er eingöngu til ráðgjafar en getur ekki tekið ákvörðun fyrir hönd stjórnar.

Starfskjaranefnd er skipuð þremur aðilum. Starfskjaranefnd er stjórn til ráðgjafar hvað varðar starfskjarastefnu félagsins. Starfskjarareglur félagsins miðast við að bjóða lykilstarfsmönnum samkeppnishæf kjör. Engir kaupréttarsamningar eru í gildi í félaginu, hvorki við stjórnarmenn, forstjóra, framkvæmdastjórn né aðra lykilstarfsmenn.

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð 8 manns og eiga allir framkvæmdastjórnar félagsins sæti þar ásamt forstjóra og stjórnarformanni. Forstjóri heldur þrjá fundi á mánuði.

6. Fyrirkomulag skipunar nefndarmanna undirnefnda.

Endurskoðunarnefnd er skipuð stjórn Ölgerðarinnar og skal halda a.m.k. einn fund með endurskoðanda félagsins á hverju ári þar sem farið er yfir endurskoðaða ársreikninga og endurskoðunarskýrslu.

Starfskjaranefnd er kosin af stjórn félagsins og er einn af þremur meðlimum hennar óháður félaginu.

7. Upplýsingar um fjölda stjórnarfunda og funda undirnefnda og mætingu

Á rekstrar- og fjárhagssárinu sem lauk 28. febrúar 2017 voru haldnir 8 stjórnarfundir.

Full mæting var á 6 fundi. Einn fundur í endurskoðunarnefndar var haldinn á árinu.

Starfskjaranefnd fundaði 4 sinnum á rekstrarárinu.

8. Hvar megi nálgast starfsreglur stjórnar og undirnefnda.

Starfsreglur stjórnar Ölgerðarinnar og yfirlýsingu um stjórnarhætti er hægt finna á heimasíðu félagsins, www.olgerdin.is.

9. Upplýsingar um stjórnarmenn

Októ Einarsson (1962) er stjórnarformaður Ölgerðarinnar. Hann er viðskiptafræðingur frá California State University, Sacramento og hefur starfað við innflutning og heildsölu frá 1987.

Októ hefur verið formaður stjórnar fyrirtækisins frá 2003, en einnig situr hann í stjórn Lindar ehf., ásamt því að vera í stjórnnum Nýjabæjar ehf., OA eignarhaldsfélags hf., 11 Invest ehf. og Íslensk Erlenda ehf. Októ á 50% hlut í OA eignarhaldsfélagi hf. sem á 26,1% hlut í ÖES. Októ hefur ekki gert kaupréttarsamning við fyrirtækið.

Hermann Már Þórisson (1972) er forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Landsbréfum og staðgengill framkvæmdastjóra. Hann er annar af framkvæmdastjórum Horns III og Horns II. Áður starfaði hann sem framkvæmdastjóri Horns Fjárfestingarfélags. Hermann er með BSc gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Hermann er stjórnarformaður Hópbíla, Hagvagna og Hvaleyri, situr einnig í stjórn hjá Invent Invest og IEI II auk nokkurra stjórna á vegum Landsbréfa. Hermann á engin hlutabréf í ÖES og hefur ekki gert kaupréttarsamning við fyrirtækið.

Jóhannes Hauksson (1963) er stjórnarmaður í ÖES. Hann viðskiptafræðingur frá HÍ og með próf í verðbréfavíðskiptum. Hann hefur starfað hjá Íslandssjóðum og Íslandsbanka frá árinu 1999. Jóhannes er forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Íslandssjóðum og sjóðstjóri Akurs fjárfestinga slhf. Hann situr í stjórn HSV eignarhaldsfélags slhf., Fáfnis Offshore hf. Allrahanda GL ehf. Fast 1 slhf., L1100 ehf. og Akurs GP ehf. Jóhannes á engin hlutabréf í ÖES og hefur ekki gert kaupréttarsamning við fyrirtækið.

Sylvía Kristín Ólafsdóttir (1980) er iðnaðarverkfræðingur frá HÍ og með meistaragráðu í aðgerðarannsóknnum frá London School of Economics. Sylvía starfar sem Leiðakerfistjóri hjá Icelandair. Fyrir það vann hún sem Forstöðumaður Jarðvarmavirkjana hjá Landsvirkjun og þar á undan í Tekjustýringu þar. Fyrir það vann hún há höfuðstöðvum Amazon í Evrópu m.a við vörubrún, stefnumótun, kostnaðarstýringu dreifingastöðva og samningagerð. Áður vann hún m.a. sem Forstöðumaður á Fjármálastöðugleikasviði Seðlabanka Íslands og sinnti kennslu við verkfræðideild HÍ í rekstrarfræði og MPM námi. Sylvía situr í stjórn Símans, Mílu og WCD (Women Corporate Directors). Sylvía á engin hlutabréf í ÖES og hefur ekki gert kaupréttarsamning við fyrirtækið.

Rannveig Eir Einarsdóttir (1965) er framkvæmdastjóri Reir ehf sem er fjárfestingarfélag stofnað árið 2005. Rannveig er „piano technician“ frá Oklahoma University, School of Music og viðskiptafræðingur MBA frá Háskóla Íslands. Rannveig er einn eigenda Sandhótel, nýtt hótél í miðbæ Reykjavíkur, sem opnaði í maí 2017. Hún er einnig eigandi HBH byggir ehf ásamt eiginmanni sínum og stjórnarformaður þess fyrirtækis. Rannveig á ásamt eiginmanni sínum 50% hlut í Nitur sem á 5,8% hlut í ÖES. Rannveig hefur ekki gert kaupréttarsamning við fyrirtækið.

10. Eftirtaldir aðilar eru óháðir Ölgerðinni og stórum hluthöfum félagsins.**Aðalstjórn**

Sylvía Kristín Ólafsdóttir

11. Helstu þættir í árangursmati stjórnar

Stjórn ÖES fól KPMG endurskoðun að gera árangursmat stjórnar og skilaði KPMG skýrslu til stjórnar Ölgerðarinnar þann 21. janúar 2013. Heilt yfir kom sú úttekt mjög vel út. 2015 fór stjórn í úttekt á stjórnarháttum og fékk í framhaldi af því vottun og viðurkenningu sem „Fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum“ 2015, 2016 og 2017.

12. Upplýsingar um forstjóra félagsins og lýsing á helstu skyldum hans.

Andri Þór Guðmundsson (1966) er forstjóri Ölgerðarinnar. Hann útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1992 og sem MBA frá Rotterdam School of Management árið 2002. Andri hóf störf hjá Ölgerðinni árið 2002, fyrst sem framkvæmdastjóri fjármála og síðan sem forstjóri frá nóvember 2004. Áður starfaði hann við markaðsmál og fjármál hjá Almenna bókafélaginu og Lýsi hf. Andri á 50% hlut í OA eignarhaldsfélagi hf. sem á 26,1% hlut í Ölgerðinni.

Forstjóri Ölgerðarinnar fer með stjórn á daglegum rekstri fyrirtækisins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur.

13. Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað.

Félagið hefur ekki gerst brotlegt við nein lög né reglugerðir á síðustu 24 mánuðum.

14. Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Stjórnarformaður Ölgerðarinnar, í samráði við forstjóra, skal annast milligöngu í samskiptum milli stjórnar og hluthafa fyrirtækisins.